

Miðvikudaginn 16. júní 1976.

Nr. 116/1976. **Hörður Arnason**

gegn

Protabúi Skeljafells h/f.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. maí 1976, sem barst Hæstarétti 1. júní 1976. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómur, uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 9. apríl 1976, sem hann fékk vitneskju um 13. maí s. á., verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur krafist staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Af gögnum máls kemur fram, að fyrir uppsögu héraðsdóms var bú Skeljafells h/f tekið til gjaldprotaskipta, og hefur protabúi félagsins tekið við aðild málsins, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 85/1936.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 8. apríl 1976 af Friðgeir Björnssyni, fulltrúa yfirborgardómara. Þingaði hann nokkrum sinnum í málinu, en með úrskurði, uppkveðnum 24. júní 1975, vék yfirborgardómari sæti, þar sem sonur hans var lögmaður sóknaraðilja. Var sérstakur setudómari skipaður frá 25. nóvember 1975 til að fara með málið. Er þó ekkert fram komið um það, að aðrir hinna reglulegu borgardómara hafi verið vanhæfir til meðferðar þess, enda leiddi það ekki af vanhæfi yfirborgardómara, að þeir mættu ekki með málið fara. Breyta ákvæði 9. gr. laga nr. 74/1972 engu í því efni.

Frávísunarkrafa varnaraðilja var eingöngu reist á því, að

málið væri vanreifað af hendi sóknaraðilja í stefnu og greinargerð hans. Í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti hefur sóknaraðili haldið því fram, að kröfur hans á hendur varnaraðilja, sem komnar hafi verið í gjalddaga, þegar málið var höfðað, hafi verið nægilega reifaðar.

Reifun dómkrafna sóknaraðilja var að vísu óskilrík í stefnu, greinargerð og öðrum sóknargögnum, sem hann lagði fram við þingfestingu máls 8. apríl 1975. Sóknaraðili hefur bent á, að þetta hafi að nokkru stafað af því, að hann hafi ekki haft aðgang að skjölum í vörslu Skeljafells h/f. Þykir eigi alveg næg ástæða til að vísa málinu frá héraðsdómi að svo stöddu, enda hafa nú verið lögð fram nánari gögn um kröfuna, og þess er að vænta, að málsatvik skýrist enn frekar við síðari gagnaöflun málsaðilja. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dóms.

Eftir þessum málalokum ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst 10.000 krónur.

Í bókun í þingbók í þinghaldi 30. mars 1976 er þess ekki getið, hverjir hafi sótt dómþingið af hendi málsaðilja. Í þingbók eru þá skráðar nokkrar athugasemdir, sem lögmaður stefnda og Magnús Bjarnason framkvæmdastjóri Skeljafells h/f hafi gert. Þá er í héraðsdómi greint frá aðiljaskýrslu Magnúsar um nánar tilgreind atriði. Hvorki verður þó séð, að hann hafi gefið skýrslu um málsatvik fyrir dómi né heldur er meðal málsgagna að finna skriflega skýrslu hans um sakar efnið. Er því rangt hermt í héraðsdómi um þetta atriði. Er framangreind ónákvæmni héraðsdómara aðfinnsluverð.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Varnaraðili, þrotabú Skeljafells h/f, greiði sóknaraðilja, Herði Árnasyni, 10.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 6. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi, hefur Hörður Árnason höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 3. apríl 1975, gegn Skelja-felli h/f, Bolholti 4, Reykjavík, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 156.422 auk 14% ársvaxta af kr. 149.000 frá 15. nóvember 1974 til 24. mars 1975, en af kr. 156.422 frá þeim degi til greiðsludags, og staðfestingar löghaldsgerðar fógetadóms Hafnarfjarðar 24. mars 1975 og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins. Verði frávísunarkrafan ekki tekin til greina, áskilur stefndi sér rétt til að leggja fram í málinu efnislega greinargerð.

Sátt hefur verið reynd, en án árangurs.

Í stefnu kemur fram, að stefnandi starfaði sem trésmiður í þágu stefnda. Á tímabilinu 1. júní—15. nóvember 1974 lét stefnandi reikna sér fæðiskostnað kr. 6.000 sem hæfilegt endurgjald fyrir fæði, en stefndi reiknaði stefnanda fæði kr. 26.000 og dró þá fjárhæð af launum hans hinn 13. desember 1974. Nemur oftekinn fæðiskostnaður því kr. 20.000. Á tímabilinu okt.—15. nóv. 1974 vann stefnandi uppmælingarvinnu fyrir stefnda og hefur ekki fengið greiddar kr. 95.000 vegna þeirrar vinnu. Á sama tíma notaði stefnandi eigin bifreið og verkfæri í þágu stefnda og samkvæmt beiðni hans, og nemur leiga fyrir bifreið og verkfæri kr. 12.000. Þann 15. nóvember 1974 vék stefndi stefnanda ólöglega og fyrirvaralaust úr starfi, og hefur stefnandi aðeins að hluta fengið greidd laun vegna hinnar ólögmætu uppsagnar. Telur stefnandi, að stefndi skuldi sér enn kr. 22.000 vegna uppsagnarinnar. Fjárhæðir þessar, kr. 20.000 + 95.000 + 12.000 + 22.000, hefur stefndi ekki enn fengist til að greiða þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Þann 24. mars 1975 lagði bæjarfógetinn í Hafnarfirði löghald á vinnuskúr í eigu stefnda við Dalshraun 3, Hafnarfirði, og nam útlagður kostnaður við löghaldsgerðina kr. 7.422, en fjárhæðir þessar, kr. 7.422 + 149.000, gera stefnufjárhæðina, kr. 156.422.

Í greinargerð stefnanda, dskj. nr. 2, segir til viðbótar mála-vaxtarlýsingu í stefnu, að stefndi hafi ekki lagt fram nákvæmt né sundurliðað uppgjör við stefnanda, en öll gögn varðandi upp-

mælingarvinnu og fæðisgreiðslur séu í hans vörslu og því sé hluti stefnukröfunnar áætlun stefnanda um skuld stefnda við sig, sbr. dskj. nr. 3.

Sundurliðun á dskj. nr. 3 er eftirfarandi:

Ofteknir fæðispeningar 1. júní—15. nóvember 1974 ..	kr. 20.000
Ógreidd uppmælingarvinna við Hofslund 5, Garðahreppi, unnið við álklæðningu, glerisetningu o. fl. í okt.—des. 1974 ..	— 35.000
Ógreidd uppmælingarvinna við Dalshraun 3, Hafnarfirði, við álklæðningu, einangrun o. fl. í okt.—des. 1974 ..	— 60.000
Leiga fyrir borvélar 1. júní—15. nóvember 1974 ..	— 8.000
Akstur 1. júní—15. nóvember 1974 ..	— 4.000
Ógreidd laun vegna uppsagnar ..	— 22.000

Alls kr. 149.000

Stefndi hefur í greinargerð krafist þess, að málinu verði vísað frá dómi, þar sem málatilbúnaður stefnanda sé með öllu ófullnægjandi og málið sé vanreifað eða öllu heldur óreifað. Hafi stefnandi þverbrotið þá meginreglu einkamálalaganna, að málatilbúnaður allur skuli vera skýr og skilmerkilegur. Stefndi bendir síðan á, að krafa stefnanda sé eingöngu byggð á dskj. nr. 3, sem er reikningur til stefnda, en reikning þennan sá stefndi fyrst við þingfestingu málsins. Telur stefndi, að útlistun á ofteknum fæðiskostnaði sé engin, ekki sjáist, á hverju krafa þessi sé byggð, og ekki heldur, hvers vegna stefnandi álítur 6.000 krónur hæfilegt gjald fyrir fæðið. Enn fremur vanti útlistun og sundurliðun á kröfu um ógreidd vinnulaun, bifreiðar- og verkfæraafnot og rökstuðning skorti fyrir launum vegna uppsagnar. Krefst stefndi þess, að málinu verði tafarlaust vísað frá dómi.

Þá bendir stefndi á, að mál þetta til staðfestingar löghaldsgerð, sem framkvæmd var 24. mars 1975, sé höfðað of seint, þar sem meira en ein vika leið frá gerð löghalds til birtingar stefnu.

Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann lítur dómurinn þannig á, að stefna í staðfestingarmálinu sé of seint birt og því sé staðfestingarmálið niður fallið og mál þetta sé því rekið sem almennt einkamál.

Stefndi hefur sýnt í réttinum endurrit úr skiptabók Reykjavíkur, en þar kemur fram, að á skiptafundi í þrotabúi Skeljafells h/f, sem tekið hefur verið til skipta sem gjaldþrota, var hinn 20.

nóvember ákveðið að fela Hilmar Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni að fara með mál þetta fyrir hönd búsins.

Magnús Bjarnason, framkvæmdastjóri Skeljafells h/f, hefur komið fyrir dóminn og gefið aðiljaskýrslu.

Hann hefur veitt upplýsingar varðandi fæðis kaup, og lagt hefur verið fram ljósrit af launaseðli, dskj. nr. 9, en þar kemur fram, að fæðis kaup var reiknað kr. 25.650 fyrir ótilgreint tímabil og dregið af útborgun hinn 13. desember 1974. Á dskj. nr. 7, sem er síðari útreikningur stefnanda á kröfu sinni, hefur liðurinn ofgreitt fæði verið fært á kr. 25.650.

Enn fremur bendir Magnús á, að fæðis kaup þetta var dregið af stefnanda með vísun til samnings um kaup og kjarasamning milli Meistarafélags iðnaðarmanna í Hafnarfirði og Félags byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði fyrir húsa- og húsgagnasveina, dags. 1. mars 1974, einkum 3. gr.

Stefndi hefur viðurkennt, að stefnandi notaði eigin bifreið og vélar í þágu sína, en ekki að beiðni sinni, og hann gerir sér ekki grein fyrir, hvernig fjárhæðirnar eru fundnar.

Krafa um vinnulaunagreiðslu er tvíþætt, sbr. dskj. nr. 3.

Annars vegar er um að ræða vangoldin laun samkvæmt uppmælingu að Dalshrauni 3, Hafnarfirði. Magnús Bjarnason hefur bent á, að mæling þessi sé framkvæmd 21. apríl 1975, en löghaldsgerð til tryggingar launum fyrir verkið nafi verið gerð 24. mars og stefna máls þessa birt 3. apríl 1975. Venja sé, að uppgjör vegna mælinga fari fram 14 dögum eftir að mæling liggur fyrir.

Hins vegar er um að ræða greiðslu samkvæmt mælingu við Hofslund 5, Garðahreppi. Framkvæmdastjóri stefnda hefur borið, að hann telji uppgjóri vegna þessa verks lokið. Upplýsingar um, hvort svo sé, megi finna í bókhaldsgögnum fyrirtækisins, sem eru í vörslum skiptaréttar Reykjavíkur.

Stefnandi hefur í málalögbúnaði sínum hvorki rökstutt né sundurliðað nægilega kröfu sína um greiðslu vegna oftekins fæðis-kostnaðar, t. d. er engin skýring gefin á því, hvernig 6.000 krónur eru taldar hæfilegt endurgjald, sem hann geti fallist á að greiða. Engin skírskotun er til kjarasamninga eða annarra heimilda til rökstuðnings fyrir kröfufélag þessum. Því hefur heldur ekki verið mótmælt af hálfu stefnanda, að hann hafi neytt þess fæðis, sem stefndi útvegaði og færði honum.

Aksturs- og verkfæraleiguliðir kröfugerðarinnar eru ekki nægilega sundurliðaðir né skýrðir, t. d. vantar leigufjárhæð, daga-

fjölda, vélafjölda eða aðrar þær útlistanir, sem varpa nægilega skýru ljósi á inntak kröfunnar.

Varðandi kröfuliðinn um vangreidd laun vegna mælingar að Dalshrauni 3, Hafnarfirði, virðist mega ráða af gögnum málsins, að krafan var ekki gjaldfallin, er löghaldsgerð var framkvæmd eða stefna máls þessa birt. Stefnandi hefur í greinargerð sinni lýst því, að krafa hans var með öllu ótryggð og eigi hafi verið kunnugt um, að stefndi ætti fasteignir og lífeyrissjóður byggingamanna hafi beiðst uppboðs á lausafé í eigu stefnda. Því hafi hann ekki átt annars úrkosti en að beiðast kyrrsetningar á eignum stefnda til tryggingar kröfunni. Þykir réttinum nægilega í ljós leitt, að stefnanda hafi staðið á nægilega miklu að fá dóm á þessari kröfu, sem stefnda var þá óskyldt að svara, en hins vegar bar stefnanda að gera grein fyrir því í málatilbúnaði sínum, að hér væri um slíka ógjaldfallna kröfu að ræða.

Krafa um leiðréttingu var ekki sett fram í stefnu, greinargerð eða sundurliðun krafna í upphafi, þegar rætt var um mælingarvinnu vegna Dalshrauns 3, og skortir því verulega á framsetningu þessa kröfuliðar og skýringar með honum.

Krafa um greiðslu vegna mælingar að Hofslundi 5, Garðahreppi, þykir sett fram á nægilega skýran hátt, og einnig má fallast á það með stefnanda, að fjárhæðir vegna uppmælinganna að Dalshrauni 3, Hafnarfirði, og Hofslundi 5, Garðahreppi, hafi mátt áætla í upphafi, þar sem mælingablöð voru í vörslu stefnda og, að því er virðist, óhægt að afla þeirra hjá mælingaskrifstofunni.

Með vísun til frávísunarröksemda stefnda og þess, sem rakið hefur verið hér að framan, þykir svo verulega hafa skort á, að málatilbúnaður stefnanda hafi verið nægilega skýr og afdráttarlaus, sbr. 88. gr. og 105. gr. einkamálalaganna, að rétt þykir að vísa málinu frá dómi. Eftir þessum úrslitum þykir rétt samkvæmt 180. gr. einkamálalaganna, að stefnandi greiði stefnda kr. 10.000 í málskostnað.

Hjalti Zóphóníasson setudómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Hörður Árnason, greiði stefnda, Skeljafelli h/f, kr. 10.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.